

Ársskýrsla Keilis 2023



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



1

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Hjá Keili hefur í gegnum árin verið unnið gott faglegt starf og lögð áhersla á að tryggja að námsframboð sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru bæði af hálfu háskólaumhverfisins og atvinnulífsins.

Árið 2023 var, þrátt fyrir vonir um annað, ár sem markaðist af erfiðleikum í rekstri Flugakademíunnar, þrátt fyrir sterkan rekstur móðurfélagsins.

Erfiðleikar Flugakademíunnar höfðu umtalsverð áhrif á rekstur móðurfélagsins eins og fram kemur í ársreikningum félaganna sem tilheyra samstæðunni. Það hefur verið samstæðunni dýrkeypt að reka atvinnuflugnám þar sem rekstur Flugakademíunnar hefur af fjölmörgu ástæðum verið flókinn og erfiður og leitt til óviðunandi fjárhagslegrar afkomu.

Áfram var áfram glímt við fækkun nemenda í atvinnuflugnámi með viðvarandi tekjutapi og komið að því að horfast í augu við neikvæð áhrif þessa á heildarreksturinn og afkomu samstæðunnar.

Á árinu 2023 eru skuldir Flugakademíunnar við Keili færðar niður um 284 m.kr af varúðarsjónarmiðum.



Með hliðsjón af neikvæðri rekstrarstöðu Flugakademíunnar tóku eigendur og stjórn þá erfiðu ákvörðun að hætta rekstri Flugakademíunnar til að stöðva frekari fjárhagslegan skaða á samstæðuna.

Umræða mögulegrar sameiningu Keilis við annan framhaldsskóli



Jón Björgvin Stefánsson,
stjórnarformaður Keilis

ollu óvissu um rekstrarframtíð félagsins á árinu 2023 og hafði sú óvissa áhrif á starfsmenn og starfsandann.

Framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur félagsins hafa því staðið í ströngu og reynt hefur á mannauðsmálin á árinu, og þeim ferlum sem félagið býr yfir til að viðhalda gæðum náms og starfsánægju.

Verkefni ársins 2024 er og verður að ákveða með hvaða hætti áframhaldandi rekstri Keilis verði háttað.

Ég vil þakka framkvæmdastjóra, kennurum, starfsmönnum og nemendum Keilis fyrir vel unnin störf og ástundun við erfiðar aðstæður. Sömuleiðis þakka ég stjórn skólans fyrir gott samstarf.

Jón Björgvin Stefánsson



2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Fjölbreyttur nemendahópur sækir ár hvert um nám í Keili til þess að styrkja sig til frekara náms og undirbúa sig fyrir áskoranir í atvinnulífinu. Í Keili hefur í 17 ár verið tekið á móti nemendum með persónulegri þjónustu og miklum vilja til þess að sinna nemendum á einstaklingsbundinn og nútímalegan hátt. Starfsfólkið hefur í krafti fjölbreytni í námsframboði tækifæri til þess að þjónusta breiðan nemendahóp. Nemendur upplifa náíð samstarf með öflugum kennurum sem vilja fara framsýnar leiðir í kennslu og tryggja nemendum sínum bæði færni til frekara náms og sérhæfingu á vinnumarkaði.

Snemma á vordögum 2023 barst Keili óvænt skipunarbréf frá barna- og menntamálaráðherra þar sem kveðið var á um þátttöku og framkvæmd í fýsileikakönnun þess efnis að sameina Keili við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hugmyndir um fyrirætlanir þessar komu illa við starfsmenn Keilis í heild sinni og gagnrýndu bæði starfsmenn og nemendur harðlega þessar hugmyndir á kynningarfundum ráðuneytisins í skólanum á vordögum. Stjórnendur unnu að fýsileikakönnun í samstarfi við stjórnendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja í maí mánuði og skiluðu af sér úttekt til ráðuneytisins innan þeirra tímamarka sem höfðu verið gefin. Í kjölfar

þessa hófst bið, með tilheyrandi óvissu, sem stóð til nóvember 2023. Skemmst er frá því að segja að óvissan um framtíðarrekstur Keilis hafi haft langvarandi neikvæð áhrif á mannauð skólans, en ekki síður hafði það neikvæð áhrif á umsóknir í námsbrautir skólans. Í byrjun nóvember tilkynnti ráðuneytið að fallið yrði frá öllum sameiningaráformum í bili og gat Keilisfólk andað léttar, þó ekki ósnortið því þessi óvenjulega staða litaði meira eða minna árið 2023.

Í upphafi ársins 2023 kom fljótt í ljós að áætlanir dótturfélags Keilis, Iceland Aviation Academy ehf. (Flugakademíunnar) voru brostnar. Áætluðum fjölda umsókna í atvinnuflugnám var langt undir viðmiðum og hafði enn ekki náð sér á strik í kjölfar heimsfaraldurs þrátt fyrir vonir um annað. Stjórn félagsins setti af stað vinnu við það að tryggja virkum nemendum námsvist. Unnið var náíð með sérfræðingum á markaði og eftir tilraunir til þess að selja skólann, var samið við annan flugskóla um yfirtöku nemenda í atvinnuflugnámi. Skólanum var lokað í september 2023 og allri starfsemi skólans hætt. Staða Flugakademíunnar hafði umtalsverð áhrif á rekstur móðurfélagsins og í lok árs 2023 hóf stjórn Keilis að skoða nánar viðbrögð í kjölfar



Nanna Kristjana Traustadóttir,
framkvæmdastjóri Keilis

lokunar dótturfélagsins. Ljóst var að áhrifa myndi gæta á Keili ef Flugakademían færi í þrot, en unnið var hörðum höndum að því að koma í veg fyrir þá niðurstöðu. Undirbúningur til þess að vera viðbúinn áhrifum fór af stað og fól m.a. í sér að setja húsnæði Keilis á sölu.

Full starfsemi fór fram árið 2023 á öllum á heildstæðum námsbrautum Keilis, en til þess teljast einka- og styrktarþjálfun, námsbrautir í Háskólabrú, stúdentsbrautir í Menntaskólanum á Ásbrú og fótaaðgerðafræði. Allar brautir utan Háskólabrúar tóku öflug skref í samstarfsverkefnum í atvinnulífinu á árinu og nutu nemendur góðs af hagnýtri reynslu og dýpkun þekkingar á sínum sérsviðum. Í kjölfar markaðsátaks á vordögum jukust til muna skráningar í staka fjarnámsáfangu í Fjarnámshlaðborði Keilis og áform um að efla þar námsframboð voru skoðuð nánar. Undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í læknávisindadeild Háskóla Íslands hélt velli og er eftir sem áður vinsæl og hagnýt leið til undirbúnings fyrir inntökuprófið, sem nú einnig er skilyrði fyrir þá sem hyggja á nám í tannlæknis- og sjúkrþjálfarafræði.

Háskólabrú tók upp aukið samstarf við Háskóla Íslands og færði alla verklega kennslu í efna- og líffræði í vel útbúnað og faglegar

rannsóknarstofur í húsakynnum HÍ. Það fer vel á auknu samstarfi við HÍ og undirbúningur hófst í samráði fagráðs námsins að endurnýja samstarfssamning Keilis og HÍ um það að sinna aðfaranámi fyrir brautir háskólans áfram. Á árinu var rekstur Vinnuverndarskólans seldur og fór hann í góðar hendur fyrrum starfsmanna í Keili, sem unnið höfðu að uppbyggingu vinnuverndarnámskeiða. Sala Vinnuverndarskólans, svo og aukið samstarf við HÍ var liður í stefnumótunaráætlun skólans um leiðir til þess að kjarna reksturinn, auka samlegðaráhrif og tengjast frekar háskólasamfélaginu – í þágu nemenda.

Í nóvember skilaði Fasteignafélag Keilis, dótturfélag Keilis, Heimstaden seinni blokkinni sem Keilir hafði leigt á sínum tíma með hug á því að reka þar nemendaíbúðir. Fasteignafélag Keilis ehf. sameinaðist einnig Keili á árinu og í lok árs var rekstur samstæðunnar kominn í eitt félag.

Rekstrarstaða úr fyrri tíð Keilis hefur dregið alvarlegan dilk á eftir sér og skólinn því viðkvæmari fyrir frekari áföllum, bæði utanaðkomandi og innan samstæðunnar. Hvernig sem litið er á það, þá er það bæði krefjandi og svekkjandi fyrir alla hlutaðeigandi að árið hafi einkennst af hagræðingaraðgerðum. Starfsfólk Keilis hefur í gegnum öll áföll síðastliðinna ára sýnt af sér mikla hörku og lagt sig fram um að láta óvissu í rekstri hvorki bitna á menntun né þjónustu við nemendur með afar góðum árangri. Hollusta starfsmanna við Keili hefur verið áberandi sterk og hafa þau allan tímann staðið vörð um gildi Keilis; **samstarf – virðing – framsækni – þjónusta**.

Undirrituð vill koma á framfæri sérstöku þakklæti við starfsmannahóp Keilis fyrir að taka af yfirvegun þátt í þeim krefjandi aðgerðum, sem hafa í ljósi aðstæðna verið óumflýjanlegar. Kæru kennarar, skrifstofu – og stoðþjónusta, starfsmenn í ræstingu, mötuneyti og húspjónustu, ykkar störf hafa á síðastliðnu ári verið ómetanleg og hvert einasta verkefni sem hefur verið unnið í nafni Keilis hefur verið liður í því að styðja nemendur á þeirra vegferð til þess að auka sjálfstraust sitt og efla sig fyrir frekara nám eða atvinnulífið - og þar með breyta lífi þeirra og samfélaginu okkar til hins betra. Áfram Keilir!

Nanna Kristjana Traustadóttir



3

MENNTA- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Mennta- og þjónustusvið er stoðsvið við þær deildir sem starfa innan skólans. Undir Mennta- og þjónustusvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, nemendabókhald, kennsluráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, vefstjórn, gæðastjórn, framkvæmd útskrifta, rekstur mötuneytis, þjónustuborð, innheimta skólagjalda og umsjón með þrifum. Fjöldi starfsfólks á Mennta- og þjónustusviði árið 2023 var stærstan hluta árs tólf; sex í 100% stöðu, fjórir í 50% stöðu og einn í 37,5% stöðu. Sú breyting varð í lok ársins að starf vefstjóra var lagt niður ásamt því að verkefnastjóri á Menntasviði sagði upp störfum og var ákveðið að ráða ekki aftur í þá stöðu.

Náms- og starfsráðgjöf

Þrír starfsmenn sinna náms- og starfsráðgjöf í Keili. Einn í 100% stöðu og tveir í 50% stöðu. Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og efla sjálfstraust nemenda.

Náms- og starfsráðgjafar sinna nemendum og svara fyrirspurnum um nám fyrir allar deildir skólans. Samhliða því sinna þeir verkefnum eins og að halda stutt fræðsluerindi fyrir nemendur, aðstoða deildir í tengslum við umsóknir og utanumhald varðandi

þær. Halda utan um lesblindugreiningar, taka á móti hópum frá öðrum fræðslumiðstöðvum, eru tengiliðir farsældar í tengslum við nýsett farsældarlög o.fl.



Breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til náms- og starfsráðgjafa um sveigjanleika og þróun í vinnuaðferðum og leiðum í samskiptum. Ráðgjöf í gegnum fjarfundabúnað gegnir sífellt stærra hlutverki og hefur

breytt þjónustu við fjarnema til hins betra. Á síðastliðnum árum hafa þær aðferðir nýst vel og hefur ráðgjöf í fjarfundum og í síma aukist til muna. Þó er alltaf pláss fyrir þróun og breytingar sem geta bætt þjónustu náms- og starfsráðgjafa enn frekar og þá ekki síst ráðgjöf er snýr að fjarnámi.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis líta á endurmenntun og tengsla-myndun sem mikilvægan þátt í starfi sínu. Á síðasta ári fóru þeir meðal annars á ráðstefnu Bett í London, ráðstefnu á vegum ADHD samtakanna, námskeiðið Verndarar barna á vegum Barnaheilla, ráðstefnurnar Sjúk ást og Ofbeldismenn á Íslandi á vegum Stígá-móta, ásamt ýmsum styttri fræðsluerindum og fyrirlestrum er nýtast í starfi.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis sóttu einnig nokkra Þjóðfundi á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins og tóku þátt í samráðsverkefninu Öruggeri Suðurnes. Að auki heimsóttu náms- og starfsráðgjafar Keilis þrjár menntastofnanir í Reykjavík, Myndlistarskólann í Reykjavík, Háskólann í Reykjavík og Promennt og fengu fræðslu þar varðandi nám og námsleiðir skólanna.

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi sinnir kennsluráðgjöf í 50% stöðu. Áhersla er lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Mennta- og þjónustusviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs.



Á árinu var haldin vinnustofa fyrir kennara á starfsþróunardegi, þar sem aðaláherslan var að efla sig enn frekar í þeim forritum, kennsluháttum og aðferðum sem kennarar eru nú þegar að nýta sér. Dagurinn hófst með Canvas vinnustofu þar sem nokkrir af kennurum Keilis deildu sniðugum aðferðum inni í forritinu. Vinnustofa um hæfniviðmið og kennsluhætti, menntahópur Keilis ræddi drög að menntastefnu Keilis. Umræður um Chat GTP, áskoranir, möguleikar og þann nýja veruleika sem blasir við kennurum. Þennan dag fengum við einnig fræðsluerindi frá Einhverfusamtökunum þar sem frábær fyrirlesari leiddi okkur um hið stórkostlega fjölbreytta litróf einhverfunnar og veitti starfsmannahópnum betri skilning á því hvernig má koma til móts við einhverfa einstaklinga.

Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennarar hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, sinnir kennsluráðgjafi áfanga fyrir kennara inni á kennslukerfinu Canvas og tryggir að þar séu alltaf nýjustu upplýsingar aðgengilegar.

Kennsluráðgjafi og Mennta- og þjónustusvið, í samvinnu við forstöðumenn, halda einnig utan um Canvas áfanga fyrir nýnema í flestum deildum skólans, þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast gjarnan fyrir nemendum í upphafi náms. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi þjónusta er komin til að vera.

Innleiðingu Canvas lauk á árinu, síðustu netnámskeiðin fyrir kennara voru haldin í lok apríl. Innleiðingarferlið í heild sinni gekk vel og Canvas kennslukerfið hefur reynst þægilegt í notkun, bæði fyrir kennara og nemendur. Álag á tölvudeild hefur minnkað til muna eftir þessar breytingar og hlutverk kennsluráðgjafa er orðið stærra, því samtal við kennara um notkun á Canvas er oft orðið tengdara kennsluáferðum og námsmati en áður.

Tölvudeild

Tveir starfsmenn starfa í tölvuþjónustu, í 100% stöðu. Helstu verkefni tölvudeildar á árinu fyrir utan daglega þjónustu við nemendur og starfsfólk var að klára lokun á sérsvæðum og geymslusvæðum á serverum Keilis. Loka á helstu moodle svæði, fyrir utan Hlaðborðið og Inntökupróf.is. Koma upp nýju geymslusvæði fyrir gögn Keilis inni á Sharepoint geymslusvæðinu hjá Microsoft Office. Ganga frá notendum og afrita svæði tengt flugakademíu. Skipt var um eldvegg og netpunkta úr UniFi yfir í Fortify. Uppsetnings símkerfis gekk vel og það er í skoðun að koma því inn í Teams til að straumlínu laga kerfið betur. Í lok árs tók tölvudeild að sér vefstjórn fyrir heimasíðu Keilis.

Útskriftir

Tvær útskriftarathafnir fóru fram á árinu, í janúar og júní og fóru þær báðar fram í Hljómahöll. Í janúar voru útskrifaðir nemendur úr fótaaðgerðafræði, Háskólabrú og Menntaskólanum á Ásbrú en í júní voru nemendur útskrifaðir af Háskólabrú, atvinnuflugnámi, fótaaðgerðafræði, ÍAK einka- og styrktarþjálfun og Menntaskólanum á Ásbrú. Nokkrir flugnemar voru útskrifaðir í september við lokun Flugakademíu Íslands en ekki fór fram útskriftarathöfn.

Árið 2023 útskrifaði Keilir 221 nemanda í heildina, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 105 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2023.

Braut	Fjöldi
Háskólabrú - fjarnám	94
Háskólabrú - staðnám	11
ÍAK - Einkaþjálfarar	31
ÍAK - Styrktarþjálfarar	17
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	17
PPL - Einkaflugmannsnám	9
Fótaaðgerðafræði	23
Menntaskólinn á Ásbrú	19
Samtals árið 2023	221

Í lok árs 2023 hafði Keilir útskrifað 4769 nemendur frá upphafi.

Gæðaráð

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild valið af framkvæmdastjóra. Einnig eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á. Gæðaráð fundaði sex sinnum á árinu eða þrisvar sinnum á hverri önn.

Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat. Fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar ásamt því að úrbótaáætlun var gerð. Megin verkefni gæðaráðs var að yfirfara alla ferla í gæðahandbók og vinnuhópar héldu sinni vinnu áfram að fara yfir stefnur og áætlanir Keilis. Úrbótaáætlun var gerð út frá niðurstöðum innri úttekta og markvisst unnið út frá þeim á nýju skólaári.

Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- ◆ Kennsla og kennsluhættir
Matsfundir og kennslukannanir
- ◆ Tölulegar upplýsingar
Skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)
- ◆ Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks
- ◆ Könnun um líðan nemenda og þjónustu skólans
- ◆ Prófanir í tölvudeild
- ◆ Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru
- ◆ Úttekt á stöðu eigna
- ◆ Ánægjukönnun foreldra ólöggráða nemenda
- ◆ Úttekt á jafnlaunavottun

Tölulegar upplýsingar


Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda nemenda eftir deildum á vor- og haustönn 2023.

Deild	Fjöldi vorönn	Fjöldi haustönn
HBR	17	25
HBR-F	224	221
HLB	115	193
ITP	263	83
ÍAK	50	31
IAA	141	0
MÁ	77	90
FÓT	12	12
Samtals	899	655

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram meðalaldur nemenda eftir deildum á vor- og haustönn 2023.

Deild	Meðalaldur vorönn	Meðalaldur haustönn
HBR	30	29
HBR-F	31	31
HLB	28	23
ITP	20	21
ÍAK	28	26
IAA	25	/
MÁ	19	18
FÓT	48	38
Samtals	26	26

Á myndunum hér fyrir neðan sést kynjaskipting nemenda á vor- og haustönn 2023



Vor 2023

Haust 2023

Í töflunum hér að neðan má sjá búsetu nemenda eftir deildum.

Landshluti	HBR	HBR-F	HLB	ITP	HAK	IAA	MÁ	Samtals
Austurland	0,0%	1,8%	3,5%	1,9%	1,6%	1,4%	0,0%	1,8%
Erlendis	0,0%	1,8%	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%
Höfuðborgarsvæðið	17,6%	57,6%	56,5%	77,2%	45,2%	73,8%	33,8%	62,1%
Norðurland	5,9%	3,6%	8,7%	4,6%	9,7%	5,0%	1,3%	5,0%
Reykjanes	76,5%	20,1%	23,5%	4,6%	22,6%	15,6%	62,3%	20,1%
Suðurland	0,0%	8,9%	6,1%	7,6%	11,3%	2,1%	1,3%	6,5%
Vesturland	0,0%	6,3%	1,7%	3,8%	9,7%	2,1%	1,3%	4,0%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%


Búseta á vorönn 2023

Landshluti	HBR	HBR-F	HLB	ITP	HAK	MÁ	Samtals
Austurland	0,0%	0,5%	2,1%	1,2%	0,0%	0,0%	0,9%
Erlendis	0,0%	3,2%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,4%
Höfuðborgarsvæðið	24,0%	61,1%	65,8%	66,3%	41,9%	28,9%	56,0%
Norðurland	0,0%	5,0%	3,1%	9,6%	16,3%	0,0%	4,9%
Reykjanes	76,0%	18,6%	21,2%	7,2%	9,3%	68,9%	26,4%
Suðurland	0,0%	7,2%	3,6%	9,6%	16,3%	0,0%	5,8%
Vesturland	0,0%	4,5%	3,1%	6,0%	16,3%	2,2%	4,6%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Búseta á haustönn 2023



Anna María Sigurðardóttir,
forstöðumaður Menntasviðs



Keilir Háskólabrú

4

HÁSKÓLABRÚ

Árið 2023 byrjaði af fullum krafti á Háskólabrú en strax í fyrstu viku janúar var skólasetning fyrir nýnema sem og aðrir nemendur héldu áfram námi í fjarnámi og staðnámi. Í ágúst hóf svo annar nýnemahópur nám bæði í staðnámi og fjarnámi. Talsverður fjöldi nemenda á Háskólabrú stundar nám sitt samhliða vinnu enda mikilvægur valkostur fyrir fullorðna námsmenn sem hafa ekki möguleika á að vera í fullu námi. Starfsemi ársins einkenndist af áframhaldandi framþróun og þjónustu við þann fjölda nemenda sem stundar nám á Háskólabrú.



Starfsmenn Háskólabrúar árið 2023 voru 17 talsins. Forstöðumaður var Berglind Kristjánsdóttir og Helga Lind Sigurbergsdóttir var verkefnastjóri. Á Háskólabrú störfuðu 15 kennarar ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Til viðbótar við starfsmenn Háskólabrúar eru starfsmenn menntasviðs innan handar tengt þjónustu við nemendur og starfsfólk s.s. náms- og starfsráðgjafar, tölvuþjónusta, kennsluráðgjafi og verkefnastjórar. Breytingar urðu á starfsmannahópnum eftir vorönn 2023 en Sigrún Svava Ólafsdóttir hætti störfum sem dönskukennari og Dóra Hanna Sigmarsdóttir kom í hennar stað haust 2023. Þá hætti Þorsteinn Á. Sürmeli sem íslenskukennari á Háskólabrú og í hans stað kom Stefán Árnason sem hafði verið áður verið í hlutastarfi á Háskólabrú og í Menntaskólanum Ásbrú.

Mikilvægi námsframboðs líkt og Háskólabrúar hefur sannarlega komið í ljós en við árslok 2023 höfðu 2510 nemendur lokið námsleiðinni en Háskólabrú er námsleið ætluð fullorðnum einstaklingum þar sem markmiðið er að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám. Námslok eru á þriðja hæfnisþrepi og því sambærilegt stúdentsprófi. Háskólabrú Keilis er svokallað aðfaranám að Háskóla Íslands og er því undir þeirra gæðaeftirliti.

Árið 2023 voru 200 nýnemar samþykktir í nám á Háskólabrú og af þeim voru 22 nemendur sem hófu staðnám haust 2023 sem var aukning frá árinu áður. Aðsókn í fjarnám var áfram umtalsverð og um 34% þeirra sem hófu fjarnám skráðir í hálf námi sem er mögulegt að stunda samhliða vinnu.

Árið 2023 var tekin ákvörðun um að rýna betur í brottfall Háskólabrúar. Rýnt var í gögn frá vori 2018 til hausts 2022 og annir þessara ára borin saman. Niðurstaðan var sú að aukið brottfall greindist árið 2021 miðað við árin á undan og á eftir en brottfallið var um 35% til samanburðar við 17–25% annarra ára sem voru rýnd. Gögnin sýna jafnframt að brottfall er meira af verk- og raunvísindadeild en öðrum deildum sem og brottfall er meira hjá þeim sem skilgreina sig karlkyn og þá skiptir ekki máli af hvað deild. Þá gefa gögnin jafnframt upplýsingar um hærra brottfall úr námsleiðinni fjarnám með vinnu en öðru fyrirkomulagi og minnsta brottfallið er hjá nemendum sem skrá sig í staðnám. Árið 2024 mun halda áfram að rýna í brottfall sem og aðgerðir ræddar til að sporna við því með því að rýna í vísbendingar úr þeim gögnum sem var safnað.

Nám á Háskólabrú er í stöðugri þróun og á hverju ári er unnið markvisst að því að bæta skipulagningu og þróa námið í takt við nútímann og horfa til framtíðar. Jafnframt leggur Keilir áherslu á að kennara fái svigrúm til endurmenntunar og vinni saman að endurbótum þvert á áfanga og jafnvel svið. Vendingamið stendur enn fyrir sínu og nemendur eru mjög ánægðir með þá kennslu- aðferð svo nauðsynlegt er að viðhalda því og bæta ofan á. Við reynum ávallt að tileinka okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámsskennslu aðgengileg og persónulega. Haust 2022 færðum við okkur frá kennslukerfinu Moodle yfir á Canvas. Sú yfirfærsla gekk vonum fram og er upplifun kennara og starfsfólks menntasviðs Keilis árið 2023 að Canvas sé einfaldara í notkun en fyrra kerfi og almenna ánægju má einnig greina meðal nemenda.

Stefna og áhersla Háskólabrúar Keilir er ávallt að hafa í huga persónulega nálgun og því mikilvægt að skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti sem er jafnframt öruggt. Því er leitast við að þjónusta og aðgengi nemenda að kennurum og stoðþjónustu sé mögulegt bæði í húsnæði Keilis sem og með rafrænum hætti. Ásamt Canvas og samskiptamöguleikum þess forrits er áfram stuðst við Office 365 og möguleikum innan þess kerfis eins og Outlook og Teams.

Gæðamál skipta miklu máli í Keili en þar starfar gæðaráð sem skipuleggur og tryggir gæðastarf í samráði við öll svið. Á Háskólabrú er sérstök handbók nemenda þar sem ýmsar gagnlegar og hagnýtar upplýsingar koma fram. Tvisvar á ári fá kennarar mat á sín störf frá nemendum sem svara kennslukönnun þegar áfanga er að ljúka. Einu sinni á ári er jafnframt matsfundur með nemendum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma með jákvæðar ábendingar sem og athugasemdir um þætti sem betur mætti fara. Í lok hvers skólaárs þ.e. að vori er matsfundur kennara þar sem farið er yfir veturinn með gagnrýnum augum og þar eru jafnframt dregnir fram þættir sem ánægja er með en jafnframt hvar möguleiki sé á úrbótum.

Ári eftir útskrift nemenda á Háskólabrú eru sendar út kannanir þar sem kannað er hvernig nemendum vegnar eftir útskrift. Bæði er spurt um upplifun nemenda af náminu ári eftir útskrift, hvað varðar fyrirkomulagið okkar og hvernig þeir telja sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda árið 2023 voru sambærilegar og hafa verið síðustu ár. Nemendur eru ánægðir með undirbúninginn fyrir háskólanámið og þökkðu kennurum Háskólabrúar sérstaklega fyrir þeirra faglegu nálgun og aðferðir. Þá töldu 95,35% af nemendum sem svöruðu könnuninni sig hafa fengið mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir áframhaldandi nám sem er aukning frá árinu áður. Nefndir voru þættir eins og skipulagið (lotur), kennsluhættir (vendingamið) og fagmennska kennara sem hefðu gert það að verk-



um að undirbúningurinn væri eins góður og raunin varð. Lýsandi dæmi um þetta komu fram í athugasemdum frá nemendum;

„Það ætti enginn að halda að nám sé ekki fyrir þá, það er bara spurning um hvernig kennsla er í boði. Þessi kennsla kennir einstaklingum að þeir geti lært og eiga mikið erindi inn í menntaheiminn. Það ættu allir að vita af þessu.“

„Ég er alveg í skýjunum með að hafa ákveðið að skella mér í Háskólabrú. Ég þurfti að sækja um undanþágu fyrir háskólann á Akureyri en rúllaði inn og var ekkert verra stödd en ný útskrifaðir stúdentar! Takk fyrir mig!“

„Ég er mjög þakklát að hafa drifið mig í þetta nám, mjög góð kennsla og góðir kennarar. Ég mæli alltaf með þessari námsleið fyrir aðra sem eiga eftir að klára stúdent.“

„Ég er þakklát fyrir mitt tækifæri hjá Keili, þið kennduð mér að læra, höfðuð trú á mér og fór ég full sjálfstraust fyrir komandi verkefnum út í lífið eftir útskrift, allir geta lært, það er bara ekki sama hvernig :).“

Niðurstöður sem þessar gerir okkur enn stoltari af námsleiðinni og okkar framúrskarandi starfsmannahópi sem vinnur með nemendum á Háskólabrú. Frábærar niðurstöður sem gefur starfsfólkinu frekari innblástur til að halda áfram að þróa námið og koma til móts við þarfir nemenda.

Árið 2023 var ekki bara dans á rósum heldur einnig krefjandi og lærdómsríkt eins og við má að búast í skólastarfi. Vor 2023 kom tilkynning frá Barna- og menntamálaráðuneyti að til stæði að sameina framhaldsskóla víðs vegar um land og Keilir væri einn af þeim fyrstu sem ætti að ræða sameiningu og við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þessar fréttir komu mjög óvænt og hafði veruleg áhrif á líðan starfsmanna um framtíð sína og Keili. Fengu stjórnendur skólanna aðeins fjórar vikur til að skila inn fýsileikaskýrslu um kosti og galla við sameiningu skólann tveggja. Sumarið og haustið fór svo í að bíða eftir niðurstöðu eða nánari svörum ráðherra um næstu skref og loksins í byrjun nóvember komu viðbrögð og niðurstaðan að hætt væri við allar hugmyndir um sameiningu í bili. Þessar yfirvofandi hugmyndir höfðu þá haft umtalsverð áhrif á líðan starfsfólks en þrátt fyrir það sinntu allir starfi sínu af mikilli alúð.

Starfsfólk Háskólabrúar horfir nú björtum augum til framtíðar og hlakkar til að halda áfram að taka þátt í að móta námsumhverfi fyrir fullorðna einstaklinga og gefa þeim tækifæri á framhaldsmenntun sem nýtist þeim í námi og starfi.



Berglind Kristjánsdóttir,
forstöðumaður Háskólabrúar

- Halldór Snær Kristjánsson, meðstofnandi Myrkur Games.
- Starfa sem forstjóri hjá fyrirtækinu og leiði þróun tölvuleiksins sem við vinnum að, Echoes.
- Formaður Leikjasamtaka Íslands (IGI)
- Sit fyrir hönd leikjaiðnaðarins í Hugverkaráði Samtök Iðnaðarins
- Lærði forritun í Háskóla Reykjavíkur, ásamt leikjahönnun og þróun. Einnig lærður list og teikningu.



5

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

Árið 2023 útskrifuðust samtals átján nemendur frá Menntaskólanum á Ásbrú (MÁ). Sextán luku stúdentsbraut í tölvuleikjagerð og einn af opinni stúdentsbraut. Skólinn hóf fimmta starfsárið á haustönn.

Í MÁ er núna kenndar tvær námslínur. Annarsvegar stúdentsbraut í tölvuleikjagerð og hins vegar opin stúdentsbraut. Keilir býður einnig upp á staka fjarnámsáfanga sem nemendur MÁ hafa aðgang að sem og almenningur og aðrir nemendur Keilis.



Í MÁ er vendinám, einstaklingsmiðuð þjónusta, fagmennska og notalegt námsumhverfi. Haustið 2023 er forstöðumaður í fullu starfi, áfangastjóri í hálfu starfi, félagsmálafulltrúi í hlutastarfi og níu kennarar fjórir í fullu starfi, fjórir í hálfu starfi og einn verktaki. Nemendur MÁ njóta þjónustu stoðsviða Keilis s.s. námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, tæknilegrar aðstoðar og móttöku.

Stúdentsbrautir

Í Menntaskólanum á Ásbrú er stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð þannig að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi fyrir nemendur. Námskráin er gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólaeiningar og námslokinn eru á hæfniprepi þrjú skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Nýjung á þessu ári er opin stúdentsbraut. Sömu gildi eru viðhöfð sem leiðarljós á þeirri braut.

Í MÁ er lögð áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og góða vinnuaðstöðu. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum vinna nemendur sérstaklega með færni og þekkingu sem býr

Þá undir áframhaldandi framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt eða greinum sem nemendur velja sjálfir í samráði við námsráðgjafa. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Stefnt er að því að nemendur sem útskrifast með stúdentspróf frá MÁ hafi eftirfarandi gildi að leiðarljósi: **sjálfstæði – skapandi hugsun – rökvísi – jákvæð samskipti**

Inntaka nýrra nemenda

Vorið 2023 fóru fram inntökuviðtöl við umsækjendur um nám á stúdentsbrautunum. Stjórnendur MÁ sáu um viðtölin. Þau fóru fram á fjarfundum. Það er stór hluti af inntökufæri á mörgum sviðum Keilis að taka inntökuviðtöl og er lítið svo á að um ákveðna nemendapjónustu sé að ræða enda gefst umsækjendum tækifæri til þess að spyrja ítarlega út í námsaðstæður og fyrirkomulag.

Haustið 2023 voru nýnemar 36 og 3 bættust við á skólaárinu á milli lotna. Stjórnendur MÁ heimsóttu tólf grunnskóla til að kynna MÁ, bæði á Suðurnesjum og Hafnarfirði. Markaðsátak var gert vegna fjarnámsáfanga Keilis sem gafst vel og varð töluverð aukning á seldum áföngum.

Skólastarfið

Starfsemi MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi með tilliti til sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð bæði í bóklegu stúdentsnámi svo og fjarnámshlaðborði. Nemendur sem sækja í nám á stúdentsbrautinni hafa af þessum sökum verið nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum.

Starfsfólk MÁ tók virkan þátt í umræðum um skólamál og þá sérstaklega Geir Finnsson enskukennari og áhugamaður um þróun gervigreindar. Nemendur MÁ tóku þátt í rafíþróttakeppni framhaldsskólanna með ágætum árangri. Helstu viðburðir Örgjörvans, nem-

endafélags MÁ, voru tveggja daga LAN, kvikmyndadagar, skemmtidagar og ýmiskonar keppni og áskoranir sem tengjast tölvuleikjum. Einnig tóku nemendur þátt í starfi SÍF og áttu fulltrúa á flestum viðburðum á vegum SÍF.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborð Keilis er í örum vexti. Fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámsáfanga árið 2023 eru rúmlega fjögur hundruð. Fjarnámshlaðborðið er með sérstöðu á markaði, þar stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólaeiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnum. Umsækjandi í fjarnámsáfanga getur hafið nám í áfanga um leið og innritun fer fram, eða innan tveggja virkra daga. Nemendur sem stunduðu nám 2023 á fjarnámshlaðborði Keilis komu víða að.

Samstarf

Samstarfsverkefni skipta sköpum fyrir MÁ, bæði vegna sérhæfingar nemenda en einnig vegna áhugavekjandi og nútímalegra vinnubragða.

MÁ er í formlegu samstarfi við Icelandic Game Industry (IGI) leikjasamtökin á Íslandi. Meðal þeirra aðila sem starfa með MÁ að slíkum verkefnum eru Parity Games, Directive Games, Vitar, 1939 Games, Porcelain Fortress, CCP, Myrkur Games, Aldin Dynamics, Samtök Iðnaðarins og IGI. Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði og atvinnulífinu voru ýmist móttökur gesta, heimsóknir í fyrirtæki, innlit í skóla á námssvæði nemanda eða fjarsamstarf. Nemendur á 3. ári í tölvuleikjagerð unnu samstarfsverkefni með Aldin Dynamics á haustinn og nemendur á 2. ári unnu samstarfsverkefni með Fisktækniskólanum. Nemendur heimsóttu höfuðstöðvar CCP og fengu fyrirlestra á vegum IGI meðal annars hélt Halldór S. Kristjánsson formaður IGI og framkvæmdastjóri og með stofnandi Myrkur Games erindi fyrir nemendur um nýsköpun, fjármögnun og hvernig á að koma sér á framfæri í heimi tölvuleikjageirans.



Gæðastarf – aðferðir og markmið

Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum er árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti. Virkt mat er samfið annarri starfsemi skóla. Það er umbótamiðað og nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Virk þátttaka starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs er í innra mati og matið byggir á fjölbreyttum aðferðum til söfnunar matsgagna. Gæðamat sem skipulagt var fyrir skólaárið 2023 inniheldur eftirfarandi þætti; matsfundur kennara 2x á önn, matsfundur nemenda 1x á önn, kennslukönnun nemenda í lok áfanga, ánægjukönnun foreldra. Í kjölfar matsþátta er gerð samantekt og sett fram úrbótaáætlun í samráði við gæðaráðs Keilis. Niðurstöður matsþátta að hausti 2023 gefa vísbendingar um að starfið sé vel skipulagt og faglegt, nemendur eru ánægðir, í kennurum er hugur og foreldrar telja börnin sín ánægð. Úrbótaáætlun tekur á þeim liðum sem bæta má í starfseminni og unnið að því að taka á öllum þáttum og setja úrbætur í farveg eins fljótt og hægt er.

Lokaorð

Menntaskólinn á Ásbrú er menntaskóli fyrir alla sem hafa áhuga á skapandi greinum og þá sem vilja vera í fámennum skóla með persónulega þjónustu. Námsumhverfið er aðlaðandi og námsfyrirkomulag hentar vel þar sem nemendur m.a. fara á sínum hraða

í gegnum fyrirlestra sem eru teknir upp og vistaðir á námsvef nemenda, Canvas. Í MÁ er persónuleg þjónusta, viðmót kennara og alls starfsfólks til þess fallandi að nemendum finnst þeir velkomnir í skólann og fá að vera þeir sjálfir með góðum stuðningi til menntunar. Í MÁ gerast töfrar og sigrar á hverjum degi þegar nemendur færa sig nær því að ljúka fyrsta menntastigi eftir grunnskóla.

Starfsfólk MÁ leggur sig fram við að þjónusta, kenna, styðja og að útfæra námið á fjölbreytilegan hátt. Starfsfólk MÁ tekur einnig þátt í ýmsum uppákomum á hverri önn eins skipulag þemadaga í samráði við nemendur og útbýr og sviðsetur morðgátu sem nemendur leysa. Í ljósi smæðar skólans býður starfsfólk nemendum í vöflukaffi og einstaka morgunverðarstund til að eiga samtali og notalega samveru. Í MÁ eru hugmyndir framkvæmdar og hugaðir nemendur feta ótroðnar slóðir. Starfsmenn setja markmið á hverju vori fyrir skólastarfið sem hefst með haustinu og ná þeim ítrekað. Fjarnámshlaðborð Keilis hefur sannað gildi sitt. Það svarar kröfum fólks um að sinna stökum áföngum þegar hentar, en ekki samkvæmt skóladagatali. Fjarnámshlaðborðið styrkir stoðir allra sviða í Keili.



Ingigerður Sæmundsdóttir,
forstöðumaður MÁ



6

HEILSUAKADEMÍA

Fótaaðgerðafræði

Námsbrautin var stofnuð árið 2017. Nemendur eru teknir inn í námið á haustönn ár hvert og á yfirstandandi skólaári eru öll pláss fullnýtt miðað við núverandi fyrirkomulag. Námsbrautin er viðurkennd af barna- og menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir skólagjöldum.

Námið í Fótaaðgerðafræði telur í heildina 199 framhaldsskólaeiningar og er tvískipt. Fyrri hlutinn, 109 einingar, samanstendur af áföngum í kjarna og heilbrigðisgreinum. Þessi fög taka nemendur í öðrum framhaldsskólum og/eða á Fjarnámshlaðborði

Keilis. Þessum hluta þarf að ljúka áður en nemandinn hefur nám í sérgreinum fótaaðgerðafræðinnar. Þetta eru því á vissan hátt inntökuskilyrði í sérgreinarnar.

Sérgreinahluti námsins telur 90 einingar og tekur þrjár annir. Fyrsta önnin er að miklu leyti í fjarnámi, en auk þess mæta nemendur í vinnulotu í Keili sex sinnum yfir önnina, 3–4 daga í senn. Á seinni önnunum tveimur má segja að nemendur mæti í vinnulotu í Keili aðra hverja viku, 3–4 daga í senn.



Bóklegt nám er að mestu leyst í fjarnámi og vinnulotur því notaðar í verklegar æfingar og vinnustaðanám. Auk þeirrar verklegu þjálfunar sem fer fram í aðstöðu Keilis fara nemendur fyrstu önn í vettvangsheimsóknir á starfandi fótaaðgerðastofur. Á annarri og þriðju önn fara nemendur svo í verknám á Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Landspítalanum. Það verknám er nú í gangi í fyrsta sinn.

ÍAK einka- og styrktarþjálfun

ÍAK einkaþjálfaranám Keilis hefur verið í boði frá stofnun Keilis þar sem áhersla er lögð á þjálfun almennings. Námsbrautin er viðurkennd af barna- og menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir skólagjöldum. Námsbraut í einkaþjálfun telur í heildina 180 framhaldsskólaeiningar og er tvískipt. Fyrri hlutinn, samanstendur af áföngum í kjarna og

heilbrigðisgreinum. Þessi fög taka nemendur í öðrum framhaldsskólum og/eða á Fjarnámshlaðborði Keilis og þurfa nemendur að ljúka þessum hluta áður en nám hefst í sérgreinum einkaþjálfunar. Seinni hlutinn samanstendur af 80 feiningum í sérgreinum einkaþjálfunar og sá hluti er kenndur í Keili á tveimur önnum.



Námsbraut í styrktarþjálfun hefur verið í boði frá 2014 þar sem áhersla er lögð á þjálfun íþróttafólks. Þeir sem sækja námið hafa ýmist hug á því að taka að sér þjálfun íþróttafólks eða nýta þekkinguna til eigin þjálfunar. Námið er 65 eininga nám sem kennt er á tveimur önnum og er samkeyrt með einkaþjálfaranámi á haustönn.

Báðar námsbrautirnar eru kenndar í fjarnámi með staðlotum. Í flestum tilvikum eru vinnulotur helgaðar verklegri þjálfun og bóklegar greinar kenndar í fjarnámi. Nemendur eru teknir inn á haustönn ár hvert.

Á haustmánuðum var tekin í notkun glæsileg kennsluástaða fyrir verklega kennslu í ÍAK námi. Ástaðan er útbúin æfingatækjum til verklegrar kennslu auk þriggja sturtuklefa.



Haddý Anna Hafsteinsdóttir,
verkefnastjóri Heilsuakademíu



Skúli Freyr Brynjólfsson,
verkefnastjóri Heilsuakademíu



7

FJÁRMÁLASVIÐ

Fjármálasvið er stoðsvið fyrir önnur svið innan Keilis og hefur virkt eftirlit með rekstri Keilis og dótturfélaga. Áhersla er lögð á að allar einingar innan hvers sviðs séu innan fjárhagsáætlunar á hverjum tíma fyrir sig með því markmiði að ná fram hámarks árangri fyrir viðskiptavinum, starfsfólki og eigendum.

Miklar breytingar áttu sér stað á árinu þar sem rekstri Flugakademíu Íslands var hætt og gert var samkomulag við Flugskóla Reykjavíkur um að taka við þjónustu við nemendur. Í kjölfarið var hafist handa við sölu á eignum flugskólans til að standa straum af skuldbindingum skólans en sala eigna hefur gengið mun hægar en gert var ráð fyrir í upphafi.

Rekstri Keilisgarða sem voru leiguíbúðir fyrir nemendur var einnig hætt á árinu ásamt því að Fasteignafélagið Keilir var sameinað móðurfélaginu.

Rekstur ofangreindra rekstrareininga hefur verið erfiður undanfarin ár og ekki staðið undir væntingum stjórnenda skólans. Ákvörðun um að hætta rekstri þessara rekstrareininga er hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins með því markmiði að kjarna starfsemi skólans betur.

Rekstrarniðurstöður

Rekstur félagsins var nokkuð betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir að skólagjöld hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Virkt eftirlit með rekstri gerði félaginu kleift að bregðast við þessari þróun og ná fram aukinni hagræðingu í rekstri. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hækkaði verulega á milli ára en nánari rekstrarniðurstöðu má sjá í ársreikningi félagsins.

Skipulag

Fjármálasvið sér um rekstur fasteigna, bókhald, fjárreiður, greiningar, fjárhagsáætlanagerð, starfsmannamál, uppgjör og annað sem snýr að fjármálastjórnun skólans.

Samstæðan samanstendur af eftirfarandi félögum:

- ◆ Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf., kt. 500507-0550.
- ◆ Fasteignafélagið Keilir ehf., kt. 450115-0100, var sameinað Keili á árinu.
- ◆ Iceland Aviation Academy ehf., kt. 671108-0190, rekstri hætt á árinu.

Á sviðinu störfuðu fjármálastjóri, aðalbókari, fulltrúi á fjármála-sviði, umsjónarmaður fasteigna og umsjónarmaður Keilisgarða. Stöðugildi á árinu voru 4,375 en fækkaði í 4 stöðugildi undir lok ársins þar sem starf umsjónarmanns Keilisgarða var lagt niður þegar rekstri Keilisgarða var lokað.

Jafnlaunavottun

Jafnlaunakerfi félagsins hefur verið í stöðugri þróun frá upphafi og á árinu komu engin frábrigði fram í úttekt BSI á Íslandi sem er úttektaraðili félagsins. Markmið jafnlaunakerfisins er að kynbundinn launamunur sé innan við 3% og hefur hann verið það frá upphafi jafnlaunavottunar.

Á árinu fékk félagið viðurkenningu en um er að ræða jafnvægisvog FKA en tilgangur þess verkefnisins er að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi.

Húsnæðismál

Við sameiningu Fasteignafélagsins Keilis við móðurfélagið Keilir færir eignarhald á húsnæði skólans til móðurfélagsins Keilis. Um er að ræða 5.507 fermetra húsnæði þar sem kennsla fer fram hjá öllum sviðum skólans. Á árinu var sett upp líkamsræktaraðstaða fyrir ÍAK þjálfun sem tekin var í notkun á haustönn en fram að þessu þurfti að leigja aðstöðu fyrir nemendur. Mikil hagræðing mun verða við þessa breytingu bæði fyrir nemendur og skólann ásamt því að fá betri nýtingu á húsnæðið.

Á árinu var gert samkomulag við Reykjanesbæ um leigu á aðstöðu fyrir nemendur Holtaskóla þannig að nýting á húsnæðinu hefur verið með besta móti á árinu.


Húsnæðið hefur verið illa nýtt á undanförunum árum og undir lok ársins var tekin ákvörðun um að setja húsnæðið á sölaskrá. Ef af sölu verður gæti félagið annað hvort leigt hluta af húsnæðinu eða fundið annað hentugra húsnæði fyrir reksturinn.

Félagið var einnig með tvö flugskýli á leigu á árinu þar sem verkleg flugkennsla fór fram. Leigu var hætt á skýlinu í Reykjavík en félagið er ennþá með skýlið í Reykjanesbæ á leigu til að geyma þær flugvélar sem eru ekki ennþá seldar.

Mikið er lagt upp úr því að húsnæði og aðbúnaður sé fullnægjandi fyrir starfsemi skólans. Úttekt á húsnæði er framkvæmd árlega og í kjölfarið sett fram viðhaldsáætlun.



Sigurður Bjarni Hafþórsson,
fjármálastjóri



Keilir

Háskólabrú